



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 13.5.2025
Málsnúmer: 202505-0023
IAS

Efni: Hvammsvirkjun, stækkun efnistökusvæðis. Breyting á aðalskipulagi.

Vísað er til erindis frá Rangárþingi ytra, dagsett 8. maí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar efnistökusvæðis vegna Hvammsvirkjunar.

„Unnið er að breytinga á námusvæðum í væntanlegu Hagalóni og tekur breyting til tveggja sveitarfélaga, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Aukin efnistaka tekur til beggja sveitarfélaga og því er gerð breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra samhliða breytingu innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna efnistökusvæðis og samhliða eru sveitarfélagamörk samræmd í farvegi Þjórsár.“

„Núverandi heimildir í aðalskipulagi Skeiða- & Gnúpverjahrepps heimila að tekið sé allt að 500.000 m³ í efnistökusvæði E26 sem er í lónsstæði Hvammsvirkjunar. Viðbótar efnismagn verður allt að 390.000 m³ og heildar efnismagn verður þá 890.000 m³ úr öllu lónstæðinu, þar af um 100.000 m³ innan Rangárþings ytra. Efnistakan er öll innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og í verðandi lónsstæði Hvammsvirkjunar (mynd 1) og þar með á svæði sem er búið að heimila að raska nú þegar. Öll aukning efnistöku verður í lónstæðinu og mun því hverfa undir lónið að framkvæmdum loknum.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Framkvæmdasvæðið innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendið, og efnið verður að hluta numið úr nútímahrauni í Hagaey (Þjórsárhrauni) sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. greinar laga um náttúruvernd. (60/2013). Hagaey er þakin jarðvegi, nokkuð gróin og sést ekki í yfirborðs hraunsins og er verndargildi þess því metið lágt auk þess sem svæðið fer undir lónið. Áhrif framkvæmdanna verða líklega mest á lífríkið á framkvæmdatíma og er mikilvægt að framkvæmdum verði hagað þannig að áhrif á lífríkið verð sem minnst.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur